

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Krístrúnu Frostadóttur um kostnað við byggingu hjúkrunarheimila.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver hefur byggingarkostnaður á fermetra við byggingu hjúkrunarheimila verið síðastliðna tvo áratugi, skipt eftir því hvort ríki, sveitarfélag eða aðrir framkvæmdaraðilar hafa verið byggingaraðilar?
2. Hver hefur byggingarkostnaður á hvert hjúkrunarrými við byggingu hjúkrunarheimila verið síðastliðna tvo áratugi, skipt eftir því hvort ríki, sveitarfélag eða aðrir framkvæmdaraðilar hafa verið byggingaraðilar?

Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum var meðalbyggingarkostnaður samkvæmt skilamötum á fermetra á eftirtöldum hjúkrunarheimilum um 675,3 millj. kr. og meðalbyggingarkostnaður á hvert rými um 47,1 millj. kr., uppreiknað miðað við byggingarvísitölu í október 2023.<sup>1</sup> Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins frá 2022 um stærð og skipulag hjúkrunarheimila er reiknuð stærð á hvert hjúkrunarrými 65 m<sup>2</sup>. Sjá nánari sundurliðun og hlutfallsskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í meðfylgjandi töflu. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um byggingarkostnað hjúkrunarrýma frá öðrum framkvæmdaraðilum.

| Nafn hjúkrunarheimilis                             | Verklok | Stærð í m <sup>2</sup> | Fjöldi rýma | Rými í m <sup>2</sup> | Stofnkostn. millj. kr.* | Þúsund kr. á m <sup>2</sup> | Millj. kr. á rými | Ríki % | Sveitarfélag % |
|--|---------|------------------------|-------------|-----------------------|-------------------------|-----------------------------|-------------------|--------|----------------|
| Uppsalar,  |         |                        |             |                       |                         |                             |                   |        |                |
| Fáskrúðsfirði                                      | 1999    | 958                    | 14          | 68,4                  | 575                     | 600                         | 41,1              | 79,0   | 21,0           |
| Hólmavík   | 2003    | 859                    | 13          | 66,1                  | 449                     | 523                         | 34,5              | 77,3   | 22,7           |
| Naust, Þórshöfn                                    | 2005    | 487                    | 9           | 54,1                  | 285                     | 586                         | 31,7              | 85,0   | 15,0           |
| Kirkjubæjar-<br>klaustur                           | 2007    | 974                    | 16          | 60,9                  | 601                     | 617                         | 37,6              | 73,0   | 27,0           |
| Hlíð, Akureyri                                     | 2007    | 3.950                  | 60          | 65,8                  | 2.367                   | 599                         | 39,4              | 70,0   | 30,0           |
| Boðarþing 5–7,<br>Kópavogi                         | 2010    | 2.967                  | 44          | 67,4                  | 1.695                   | 571                         | 38,5              | 85,0   | 15,0           |
| Mörk, Reykjavík                                    | 2010    | 7.688                  | 110         | 69,9                  | 4.560                   | 593                         | 41,5              | 70,0   | 30,0           |
| Jaðar, Ólafsvík,<br>með tengigangi og<br>aukarýmum | 2011    | 1.194                  | 12          | 99,5                  | 757                     | 634                         | 63,1              | 85,0   | 15,0           |
| Hulduhlíð,<br>Eskifirði**                          | 2014    | 1.497                  | 20          | 74,9                  | 1.558                   | 1.041                       | 77,9              | 85,0   | 15,0           |

<sup>1</sup> Framreiknuð byggingarvísitala eldri heimila getur verið ónákvæm og vert er að taka fram að byggingarkostnaður getur verið mismunandi eftir stærð og fjölda rýma og hvort byggt er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

| Nafn hjúkrunarheimilis | Verklok | Stærð í m <sup>2</sup> | Fjöldi rýma | Rými í m <sup>2</sup> | Stofnkostn. millj. kr.* | Þúsund kr. á m <sup>2</sup> | Millj. kr. á rými | Ríki % | Sveitarfélag % |
|------------------------|---------|------------------------|-------------|-----------------------|-------------------------|-----------------------------|-------------------|--------|----------------|
| Sléttuvegur, Reykjavík | 2020    | 6.435                  | 99          | 65,0                  | 4.089                   | 635                         | 41,3              | 85,0   | 15,0           |
| Móberg, Árborg         | 2023    | 4.132                  | 60          | 68,9                  | 3.555                   | 860                         | 59,3              | 84,0   | 16,0           |
| Stykkishólmur          | 2023    | 1278                   | 18          | 71,0                  | 1078                    | 844                         | 59,9              | 83,0   | 17,0           |
| Meðaltal               |         |                        |             | 69,3                  | 1797,4                  | 675,3                       | 47,1              |        |                |

Skýringar á útreikningi á framkvæmdakostnaði með byggingarvísitölu:

\*Byggingarvísitala Hagstofunnar var notuð til að framreikna framkvæmdakostnað hjúkrunarheimila til október 2023. Þessi aðferð er ásætlanleg nokkur ár aftur í tímann en eftir því sem lengra líður frá framkvæmdum eykst kostnaðarskekkjan, þ.e. vanmat á kostnaði eykst. Þess vegna virðast eldri hjúkrunarheimilin vera talsvert ódýrari.

\*\*Hjúkrunarheimilið á Eskifirði reyndist mjög dýrt þegar uppi var staðið vegna þess að valinn verktaki þurfti að segja sig frá verkinu þegar 40% af vinnunni var lokið og alvarlegir byggingargallar blöstu við.